



Fræðslunetið - símenntun á Suðurlandi ses.

Ársreikningur 2024

Aðalfundur haldinn 21. maí 2025

Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla stjórnar	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymi	9
Skýringar	10-12

Skýrsla stjórnar

Aðalstarfsemi stofnunarinnar er fullorðinsfræðsla á Suðurlandi. Stofnunin sér um og skipuleggur nám og námskeið fyrir fullorðin fólk. Námskeiðin eru af ýmsum toga bæði starfstengd- og tómstundanámskeið en einnig er boðið upp á nám á framhaldsskólastigi. Meginmarkmið stofnunarinnar, skv. stofnskrá hennar, er að efla aðgengi íbúa fjórðungsins að margs konar námi og símenntun og auka með því búsetugæði á svæðinu.

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og íslenskar reikningsskilavenjur.

Rekstrartekjur félagsins á árinu 2024 námu kr. 199,0 millj. en voru kr. 173,8 millj. árið 2023 og hafa lækkað um 14,5% á milli ára. Rekstrargjöld félagsins á árinu 2024 námu kr. 191,0 millj. en voru kr. 185,4 millj. árið 2023 og hafa hækkað um 3,0% á milli ára. Hagnaður ársins nam kr. 9,5 millj. í samanburði við kr. 9,8 millj. tap árið 2023. Heildareignir námu í árslok kr. 45,9 millj. og eigið fé var jákvætt um kr. 20,5 millj.

Rekstur Fræðslunetsins gekk betur en áætlanir gerðu ráð fyrir og á árinu varð viðsnúningur í afkomu. Ástæður þess eru eins og sést á tölunum hér að ofan; auknar tekjur hjá félaginu og aðhald á útgjaldahliðinni. Hlutfall launa af tekjum hélt áfram að lækka eins og áætlanir gerðu ráð fyrir og fór úr 62,3 % fyrir árið 2023 niður í 58,6% á árinu 2024.

Framtíðaráform

Gert er ráð fyrir að rekstur félagsins verði með svipuðu móti á árinu 2025 og hann var á árinu 2024. Áfram verður gætt aðhalds og ekki er gert ráð fyrir neinum sérstökum fjárfrekum verkefnum né fjárfestingum.

Ráðstöfun á hagnaði

Stjórnin vísar til ársreikningsins varðandi ráðstöfun á hagnaði ársins.

Það er álit stjórnar félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun félagsins á árinu, komi fram í ársreikningnum.

Stjórn Fræðslunetsins-símenntun á Suðurlandi ses. og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2024 með

Selfoss, 21. maí 2025.

Stjórn:

Framkvæmdastjóri:

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Fræðslunets-símenntunar á Suðurlandi ses.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Fræðslunetsins-símenntunar á Suðurlandi ses. fyrir árið 2024. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2024, efnahag þess 31. desember 2024 og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við lög um ársreikninga.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda hér að neðan. Við erum óháð Fræðsluneti-símenntun á Suðurlandi ses.. í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Fræðslunetsins-símenntunar á

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Áritun óháðs endurskoðanda

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Reykjavík, 21. maí 2025.

Endurskoðun VSK ehf.

Svavar G. Stefánsson
Löggiltur endurskoðandi
(rafræn undirritun)

Rekstrarreikningur ársins 2024

	Skýr.	2024	2023
Rekstrartekjur			
Seld þjónusta		46.178.088	39.438.910
Framlög og styrkir		152.541.747	134.110.798
Aðrar tekjur		295.769	225.461
		<u>199.015.604</u>	<u>173.775.169</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	3	116.571.716	108.234.187
Annar kostnaður vegna kennslu		49.877.378	49.059.405
Skrifstofu- og húsnæðiskostnaður		24.014.454	27.538.471
Afskriftir	4	576.797	587.237
		<u>191.040.345</u>	<u>185.419.300</u>
Rekstrarhagnaður (tap)		7.975.259	(11.644.131)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur		1.981.351	2.448.667
Vaxtagjöld		(432.665)	(594.181)
		<u>1.548.686</u>	<u>1.854.486</u>
Hagnaður (tap) ársins		<u>9.523.945</u>	<u>(9.789.645)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

Eignir	Skýr.	31.12.2024	31.12.2023
Fastafjármunir	4		
Varanlegir fastafjármunir		6.265.927	5.883.054
Veltufjármunir			
Vörubirgðir		649.000	387.000
Viðskiptakröfur		2.303.602	1.929.078
Aðrar skammtímakröfur		1.503.542	1.205.026
Handbært fé		35.205.596	29.033.183
		<u>39.661.740</u>	<u>32.554.287</u>
Eignir samtals		<u>45.927.667</u>	<u>38.437.341</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

Eigið fé og skuldir	Skýr.	31.12.2024	31.12.2023
Eigið fé	5		
Bundin stofnframlög		3.097.547	2.924.530
Óráðstafað eigið fé		17.429.854	8.078.926
		<u>20.527.401</u>	<u>11.003.456</u>
Skuldir	6		
Skuldbindingar:			
Lífeyrisskuldbinding		9.820.930	9.793.053
Skammtímaskuldir:			
Viðskiptaskuldir		3.485.792	2.477.353
Aðrar skammtímaskuldir		12.093.544	15.163.479
		<u>15.579.336</u>	<u>17.640.832</u>
Skuldir samtals		<u>25.400.266</u>	<u>27.433.885</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>45.927.667</u>	<u>38.437.341</u>

Sjóðstreymi ársins 2024

	Skýr.	2024	2023
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Hagnaður ársins		9.523.945	(9.789.645)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	4	576.797	587.237
Sölutap fastafjármuna		20.411	
Lífeyrisskuldbinding, breyting	6	591.868	(1.437.328)
		<u>10.713.021</u>	<u>(10.639.736)</u>
 Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		(673.040)	5.432.661
Vörubirgðir, breyting		(262.000)	(387.000)
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Skammtíma- og langtímaskuldbindingar		(2.625.488)	(1.373.117)
		<u>(3.560.528)</u>	<u>3.672.544</u>
 Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)		7.152.493	(6.967.192)
 Fjárfestingahreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	4	(1.070.081)	(456.475)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna		90.000	0
		<u>(980.081)</u>	<u>(456.475)</u>
 Hækkun (lækkun) á handbæru fé		6.172.413	(7.423.667)
 Handbært fé í ársbyrjun		<u>29.033.183</u>	<u>36.456.850</u>
Handbært fé í lok ársins		<u><u>35.205.596</u></u>	<u><u>29.033.183</u></u>

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Fræðslunetið-símenntun á Suðurlandi ses. er sjálfseignarstofnun sem stundar atvinnurekstur og starfar á grundvelli laga nr. 33/1999 um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur. Megin starfsemi stofnunarinnar er fullorðinsfræðsla á Suðurlandi. Stofnunin sér um og skipuleggur nám og námskeið fyrir fullorðið fólk. Námskeiðin eru af ýmsum toga bæði starfstengd- og tómstundanámskeið en einnig er boðið upp á nám á framhaldsskólastigi. Meginmarkmið stofnunarinnar, skv. stofnskrá hennar, er að efla aðgengi íbúa fjórðungsins að margs konar námi og símenntun og auka með því búsetugæði á svæðinu. Lögheimili

2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur félagsins er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreikningsins þurfa stjórnendur að taka ákvarðanir, meta og gefa sér forsendur sem hafa áhrif á stöðu eigna, skulda, tekna og gjalda sem og upplýsingar í skýringum á reikningsskiladegi. Við matið er byggt á reynslu, þekkingu og fleiri þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll fyrir stöðu á bókfærðu verði eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi á uppgjörssdegi. Aðrar eignir og skuldir, sem metnar eru á gangvirði í erlendri mynt, eru færðar á því gengi sem var í gildi þegar gangvirði þeirra var ákvarðað. Gengismunur sem þannig myndast er færður í rekstrarreikning.

Skráning tekna

Tekjur af seldri þjónustu eru færðar þegar verulegar líkur eru á að fjárhagslegur ávinningur þeirra renni til stofnunarinnar og þegar hægt er að meta þær með áreiðanlegum hætti. Framlög og styrkir eru færðir í rekstrarreikning þegar hæfileg víska er fyrir hendi um að stofnunin muni uppfylla þau skilyrði sem þeim eru bundin og að greiðslur muni berast. Tekjur eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds að frádregnum afsláttum og sköttum þar sem það á við. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvíska er um innheimtu þeirra eða tengdan kostnað

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru færðar þegar líklegt þykir að félagið muni hafa hagrænan ávinning af þeim og unnt er að meta fjárhæð teknanna með áreiðanlegum hætti. Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldabréfaeignar og vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Skýringar

2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir frh.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum á uppgjörssdegi.

Afskriftir eru færðar á kerfisbundinn hátt á áætluðum endingartíma eigna að teknu tillits til áætlaðs hrakvirðis. Afskriftaraðferðir, endingartími og áætlað hrakvirði er metið árlega.

Hagnaður af sölu varanlegra rekstrarfjármuna og óefnislegra eigna er reiknaður sem mismunur á söluverði og bókfærðu verði og fellur undir aðrar tekjur í rekstrarreikningi. Við sölu varanlegra rekstrarfjármuna sem hafa verið endurmetnir, er endurmatið fært á óráðstafað eigið fé.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda til að mæta mögulegri tapsáhættu ef kröfur reynast ekki innheimtanlegar.

Handbært fé

Handbært fé og ígildi þess er fært í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstandur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

3. Laun og launatengd gjöld

	2024	2023
Laun	93.218.490	86.806.483
Önnur launatengd gjöld	23.353.226	21.427.704
	116.571.716	108.234.187
Stöðugildi að meðaltali	8,25	8,5

4. Varanlegir rekstrarfjármunir

	Áhöld og tæki	Samtals
Bókfært verð í ársbyrjun	5.883.054	5.883.054
Keypt á árinu	1.070.081	1.070.081
Selt og niðurlagt á árinu	(110.411)	(110.411)
Afskriftir	(576.797)	(576.797)
Bókfært verð í árslok	6.265.927	6.265.927
Bókfært verð í lok ársins greinist þannig:		
Kostnaðarverð	41.358.084	41.358.084
Selt og niðurlagt á árinu	(1.104.111)	(1.104.111)
Afskrifað samtals	(33.988.046)	(33.988.046)
Bókfært verð í árslok	6.265.927	6.265.927
Afskriftahlutföll	10-20%	

Skýringar

5. Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

	Stofnfé	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samtals
Eigið fé í ársbyrjun	2.924.530	8.078.926	11.003.456
Breyting bundins framlags	173.017	(173.017)	0
Hagnaður ársins		9.523.945	9.523.945
Eigið fé í lok ársins	3.097.547	17.429.854	20.527.401

6. Lífeyrisskuldbinding

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga á endurkröfurétt á stofnunina vegna lífeyrisréttinda fyrrum starfsmanns.
Skuldbindingin var færð í fyrsta sinn upp í ársreikningi Fræðslunetins-símenntunar á Suðurlandi m.v. 31.12.2023.

Lífeyrisskuldbinding greinist þannig:

	31.12.2024	31.12.2023
Áfallin skuldbinding í ársbyrjun	9.793.053	11.768.396
Greitt á árinu	(563.991)	(538.015)
Matsbreyting tímabilsins	591.868	(1.437.328)
	9.820.930	9.793.053

7. Leigusamningar

Fræðslunetið er með samninga um leigu á húsnæði sem skilgreindir eru sem rekstrarleiga í samræmi við reglu reikningsskilaráðs nr.6 sem gildir um meðferð leigusamninga í reikningsskilum leigutaka. Fræðslunetið hefur gert samning um leigu á hluta hússins að Tryggvagötu 13, nefnt Fjölheimar og hefur Fræðslunetið forleigurétt á því húsnæði. Fræðslunetið hefur einnig gert húsaleigusamning um aðstöðu í Hvolsskóla við Stóragerði á Hvolsvelli og skrifstofu og námsver í þekkingarsetrinu Nýheimum á Höfn í Hornafirði. Einn samningur gildir til loka árs 2026, en hinir eru ótímabundnir með gagnkvæmum uppsagnarfresti. Allir samningar eru tengdir vísitölu neysluverðs. Nema leigugjöld ársins að heildarfjárhæð 14,6 m.kr. sem færð eru meðal reksturs skrifstofu og fasteignar í rekstrarreikningi. Skuldbinding vegna samninganna fyrir árið 2025 er áætluð 14,6 m.kr. án áhrifa núvirðingar og framtíðarverðbólgu.

Sundurliðanir

Rekstrartekjur

	2024	2023
Tekjur af námskeiðum		
Tekjur af námskeiðum	46.178.088	39.438.910
Framlög og styrkir		
Framlag frá fjölmennt	15.498.000	15.498.000
Framlag Félags og vinnumarkaðsráðuneyti, grunnframlag	47.841.117	45.000.000
Framlag Félags og vinnumarkaðsráðuneytið, Íslenskunám	10.217.664	7.035.000
Framlag Fræðslumiðstöð atvinnulífsins	78.917.848	62.586.181
Framlag vegn námskeiðs í tæknilæsi fyrir eldra fólk	0	1.575.000
Framlag eRasmus/Rannís	67.118	2.416.617
	152.541.747	134.110.798
Aðrar tekjur		
Aðrar tekjur	295.769	225.461

Rekstrargjöld

Laun og launatengd gjöld

Laun	91.626.938	85.900.276
Stjórnarlaun	995.122	906.207
Endurgreitt frá Tryggingastofnun	(355.332)	(523.041)
Dagpeningar	0	1.292.013
Bifreiðastyrkur	596.430	376.832
Tryggingagjald	6.682.024	6.402.066
Lífeyrisiðgjöld	12.010.232	11.211.643
Sjóðagjöld - mótframlag	2.479.051	3.166.950
Lífeyrisskuldbinding, breyting	591.868	(1.437.328)
Reiknað orlof, breyting	641.595	317.339
Tryggingar starfsfólks	177.775	222.019
Annar starfsmannakostnaður	1.126.013	399.211
	116.571.716	108.234.187

Sundurliðanir

Rekstur skrifstofu og fasteignar

Rekstur Fjölheima og húsaleiga	14.611.831	14.900.723
Veitingar	223.593	46.631
Sími og áskriftargjöld	346.899	115.271
Aðkeypt þjónusta	0	92.472
Burðargjöld	156.359	89.722
Gjaldfærð áhöld og tæki	214.338	270.184
Þrif	0	785.000
Rekstur kaffistofu	47.960	128.843
Pappír, prentun og ritföng	308.015	491.707
Gjafir og framlög	119.200	294.542
Rekstur tölvukerfis	1.703.356	551.276
Rekstur hugbúnaðar	1.371.600	2.269.642
Bankakostnaður og þjónustugjöld	0	572.747
Endurmenntun	0	210.511
Félags- og aðildargjöld	0	82.625
Flutningskostnaður	108.200	15.542
Kostnaður vegna FS nets	0	256.810
Vátryggingar	94.689	201.995
Funda- og ferðakostnaður	759.777	3.146.777
Reikningsleg aðstoð	2.781.304	1.583.353
Annar skrifstofukostnaður	1.167.333	1.505.146
Annar kostnaður Fræðslunets	0	977.651
Endurgreiðsla virðisaukaskatts	0	(1.050.699)
	24.014.454	27.538.471

Annar kostnaður vegna kennslu

	2024	2023
Kennsla og námskeiðahald	48.507.898	47.216.281
Kostnaður vegna Vísindasjóðs	0	346.354
Styrkir útgr. Vísindasjóður	360.000	640.000
Auglýsingar	1.009.480	856.770
	49.877.378	49.059.405

Sundurliðanir

Kennsla og námskeiðahald sundurliðast þannig

Fyrirtækjapjónusta	2024	2023
Sjálfaflaðar tekjur án opinberra framlaga	462.371	2.841.216
Kostnaður vegna kennslu og framkvæmdar hennar	51.600	531.584
Niðurstaða án opinberra framlaga og annars kostnaðar	410.771	2.309.632

Íslenska fyrir útlendinga

Sjálfaflaðar tekjur án opinberra framlaga	25.641.384	13.022.415
Kostnaður vegna kennslu og framkvæmdar hennar	15.612.384	13.684.050
Niðurstaða án opinberra framlaga og annars kostnaðar	10.029.000	(661.635)

Virkninámskeið

Sjálfaflaðar tekjur án opinberra framlaga	8.965.112	13.017.627
Kostnaður vegna kennslu og framkvæmdar hennar	4.748.574	6.760.200
Niðurstaða án opinberra framlaga og annars kostnaðar	4.216.538	6.257.427

Fjölmennt (námskeið fyrir fólk með fötlun)

Sjálfaflaðar tekjur án opinberra framlaga	1.830.755	1.807.600
Kostnaður vegna kennslu og framkvæmdar hennar	7.021.986	4.489.253
Niðurstaða án opinberra framlaga og annars kostnaðar	(5.191.231)	(2.681.653)

Námskeið FA

Sjálfaflaðar tekjur án opinberra framlaga	7.287.653	5.840.990
Kostnaður vegna kennslu og framkvæmdar hennar	18.138.545	17.195.286
Niðurstaða án opinberra framlaga og annars kostnaðar	(10.850.892)	(11.354.296)

Önnur námskeið

Sjálfaflaðar tekjur án opinberra framlaga	1.515.273	2.099.062
Kostnaður vegna kennslu og framkvæmdar hennar	643.309	2.109.290
Niðurstaða án opinberra framlaga og annars kostnaðar	871.964	(10.228)

Raunfærnimat

Sjálfaflaðar tekjur án opinberra framlaga	475.540	810.000
Kostnaður vegna kennslu og framkvæmdar hennar	2.291.500	2.446.618
Niðurstaða án opinberra framlaga og annars kostnaðar	(1.815.960)	(1.636.618)

Tekjur alls	46.178.088	39.438.910
Kostnaður alls	48.507.898	47.216.281
Afkoma alls	(2.329.810)	(7.777.371)